

Fundargerð, ráðgjafahópur um áfangastaða- og markaðsstofu fyrir höfuðborgarsvæðið

4. fundur – þriðjudaginn, 11.maí kl. 12.00-14.00 á Teams.

Mættir: Andri Ómarsson (Hafnarfjarðarbær), Ármann Kr. Ólafsson (Kópavogur), Hulda Hauksdóttir (Garðabær), Hugrún Ósk Ólafsdóttir (Mosfellsbær), María Björk Óskarsdóttir (Seltjarnarnes), Þórdís Lóa Þórhallsdóttir (Reykjavíkurborg), Þórir Garðarsson (FSH), Rannveig Grétarsdóttir (SAF), Jón Kjartan Ágústsson (SSH) og Inga Hlín Pálsdóttir (SSH). Ekki mættir: Kjartan Sigurðsson (SVP) og Páll Björgvin Guðmundsson(SSH). Gestir: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH og Dagný Hulda Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands. Fundarritari: Inga Hlín Pálsdóttir, ráðgjafi

Þetta gerðist:

Markaðsstofa Suðurlands: Dagný Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri

Dagný kynnti starfssemi og form Markaðsstofu Suðurlands. Sjá meðfylgjandi kynningu með fundargerð.

Helstu punktar sem komu til viðbótar voru:

- Spurt var um hvernig þau væru að breytast úr markaðsstofu í áfangastaðastofu og hvernig unnið væri með landshlutasamtökunum á svæðinu. Dagný sagði frá því að grunnurinn að allri þeirra vinnu fælist í áfangastaðaáætluninni sem hefur þá bæði verið samþykkt af sveitarstjórnnum og stjórnvöldum og hagaðilar hafa einnig unnið að. Í framhaldinu þarf síðan alltaf að markaðssetja – það er alltaf endatakmarkið. Hún sagði því frá því að í augnablikinu eru þau að ákveða hvort þau ætla að vera markaðsstofa vs. áfangastaðastofa eða áfangastaðastofa vs. markaðsstofa – því allt hangir þetta saman og ekki sé hægt að gera þetta allt saman án mikillar samvinnu.
- Hún benti einnig á að sveitarfélögin eru með sér samninga og greiða 430 kr. per íbúa. Til viðbótar er síðan ráðgjafasamningur þeirra við SASS upp á 5 mkr. Samstarfsaðilar greiða síðan aðildargjald – og fá þá sýnileika á sýningum, í gegnum blaðamannaferðir osfrv.
- Síðan var spurt um faghópin og hvernig væri að vinna með svo stórum hópi. Dagný benti á að faghópurinn eru allir tengiliðir frá sveitarfélögunum. Hann var settur upp þar sem vantaði bæði upplýsingaflæði frá markaðsstofunni til sveitarfélaganna en líka frá sveitarfélögunum til markaðsstofunnar. Fókusinn í hópnum er á upplýsingaflæði og sértæk verkefni t.d. áfangastaðaáætlunina. Hann hefur gengið mjög vel.
- Spurt var síðan um áfangastaðaáætlunina. Dagný sagði frá því að hún væri uppfærð á 3 ára fresti og þau sinni uppfærslunni með svæðisráðinu. Hún væri DNA þeirra vinnu og það sem sameinar þau á svæðinu – grunnurinn að húsinu eins og hún orðaði það og markaðssetningin er síðan „outputið“.

Verkefni stofunnar

Næst tók Inga Hlín við og fór yfir möguleg verkefn áfangastaðastofu – og markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins.

Sjálfsseignarstofnun: Skipulag annarra stofa/verkefna

Í framhaldinu kynnti hún fyrirkomulag á öðrum stofum og félögum þar sem ljóst er að sjálfsseignarstofnun í atvinnurekstri er algengasta formið á slíkum stofum.

Hildigunnur fór yfir þær hugmyndir sem verið er að vinna með í tengslum við byggðasamlögin. Hún benti síðan á að ef farin færi sú leið að fara í sjálfseignarstofnun þyrfti að setja upp tillögur og skoða það t.d. út frá því sem nefnt er fulltrúaráð í lögunum. Hugmyndin með að skoða tillögurnar varðandi byggðasamlögin var að skoða hvernig nánari samvinna við eigendahóp fer fram s.s. í tengslum við stefnuráð.

Í framhaldinu af umræðum um sjálfseignarstofun í atvinnurekstri var ákveðið var að skoða slíkt form í framhaldinu og koma með tillögur.

Inga Hlín kynntu síðan fyrstu drög að hugmyndum um form og skipulag áfangastaða- og markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins sem byggir á þeim gögnum sem hafa komið fram og umræðum síðasta fundar. Allir tóku vel í þær fyrstu tillögur sem lagðar voru fram og verða þær útfærðar lengra í takti við sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri og umræður hópsins.

Fjármögnun

Inga Hlín sýndi fyrstu vangaveltur um fjármögnun. Í framhaldinu sköpuðust miklar umræður um hvernig fjármögnun ætti að fara fram frá sveitarfélögunum og sanngirna við að greiða per haus þegar ferðamálin væru mismikil og sköpuðu mismiklar tekjur á milli sveitarfélaga.

Bent var á að fólk sem starfar í ferðaþjónustu dreifist um allt svæðið. Hins vegar fyrirtækin ekki og mestar tekjurnar af ferðaþjónustu skapist hjá Reykjavíkurborg af fasteignagjöldum. Ármann velti því fyrir sér hvort hægt væri að finna annað módel að fjármögnun en að horfa á greiðslu per íbúa og sú aðferð væri bara ein leið. Skoða mætti mögulega útsvar og fasteignagjöld. Þórdís Lóa benti á að slíkar greiningar væru til hjá Reykjavíkurborg en þær væru á sitthvorum pólum og mjög erfitt að meta þetta út frá þeim þáttum. Hún benti einnig á að það væri ekkert úr vegi að borgin greiddi einhvers konar „premium“ í samstarfinu. Ákveðið var að ráðgjafi myndi skoða með SSH hvort aðrar útfærslur gætu verið mögulegar fyrir næsta fund.

Bent var á að 160 mkr. sem voru settar fram í fyrstu vangaveltur væru ekki stór tala í samhengi við það sem fyrirtækin eru að setja í markaðssetninguna. Þetta væri fljótt að koma. Bent væri á að mögulega þyrfti að skoða betur skiptingu fyrirtækjanna í stærðarhlutföllum og kostnaðinn per fyrirtæki. Ráðgjafi hefur lagt til að á fyrsta ári verði fyrirtækin með lágmarksgjald en settur verði vinnuhópur til þess að útfæra þá vinnu lengra. Þetta verður rætt betur á næsta fundi en talið er að hægt sé að fá fleiri fyrirtæki með í lið en sett eru fram í vangaveltunum.

Næstu skref og önnur mál

Í lok fundar var farið yfir tímalínu verkefnisins á næstunni en næsti fundur verður haldinn, þriðjudaginn 18. maí. Í framhaldinu er á dagskrá að halda stöðufundi fyrir pólitískt kjörnum fulltrúum ásamt hagaðilum, föstudaginn 21. maí. Lokafundur hópsins yrði síðan 1. júní og tillögum skilað til stjórnar SSH, 7. júní.